

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Tillaga um viðauka við samning Mosfellsbæjar við LFA

Dags: 4. mars 2024

Málsnúmer: 202303557/12.1.1

Sendandi: Gunnhildur María Sæmundsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og frístundasviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki að gerður verði viðauki við þjónustusamning um leikskólavist og greiðslu leikskólagjalda við LFA (leikskóla fyrir alla) um fjölgun leikskólaplássna úr 40 plássum í 50 frá 1. ágúst 2024.

Gera má ráð fyrir að viðbótarkostnaður vegna þessa verði um 16 m.kr. sem rúmist innan fjárhagsáætlunar ársins 2024.

Greinargerð:

Á 1573. fundi bæjarráðs þann 23. mars 2023 var þjónustusamningur milli Mosfellsbæjar og LFA um leikskólavist mosfellskra barna frá 1. ágúst 2023 samþykktur. Með samningnum skuldbatt Mosfellsbær sig til að taka þátt í greiðslu leikskólagjalda vegna 40 barna frá 12 mánaða aldri. Þessi samningur hefur gengið vel og vilji er til að útvíkka hann í 50 pláss frá og með 1. ágúst 2024. Slík breyting leiðir til þess að unnt verður að innrita öll börn sem sótt hafa um leikskólapláss fyrir 1. mars síðast liðin.

Úthlutun leikskólaplássna er hafin og er gert ráð fyrir að öll börn sem eru 12 mánaða og eldri 1. ágúst 2024 fái tilboð um leikskólapláss fyrir næsta skólaár.

Viðauki við þjónustusamninginn gefur svigrúm til þess að tryggja leikskólavistun fyrir allt að 10 börn til viðbótar sem mögulega flytja í Mosfellsbæ í sumar og haust.

Fylgiskjal:

- Drög að viðauka við samningi við LFA